

101
22. júlí

Reglugjörð

um breyting á reglugjörð 6. ágúst 1912 um eyðing refa
og fjallskil í Dalasýslu.

22. gr. í reglugjörð 6. ágúst 1912 um eyðing refa og fjallskil í Dalasýslu skal hljóða svo:

Hreppsnefnd er heimilt að leggja fjallskilakostnað, hlutfallslega eftir fjárfjölda, á hvern þann mann í hreppnum, er sauðkindur á eða tekur fje af öðrum, og þegar fjallskil einhvers nema $\frac{1}{2}$ dagsverki, á hún heimting á. að hann leggi mann til fjallskila, ef þörf krefur.

Enginn er skyldur til að gjöra fjallskil annarsstaðar en í sínum hreppi, nema eftir skipun hreppsnefndar í hans hreppi.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefir samþykkt, samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. ágúst 1916.

Í stjórnarráði Íslands, 22. júlí 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.